

BÓKUN

Sigurðar Hreinsson, sveitarstjórnarmanns,
á fundi hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps
hinn 16. september 2013.

- 1. Með fundarboði, sem mér barst með tölvupósti sunnudaginn 15. þ.m. fylgdi samningur milli hreppsins og eiganda jarðarinnar Eiðhúsa, Miðhrauns ehf., um nýtingu hitaorkunnar í landi Eiðhúsa. Eigandi þeirra orkuréttinda er hreppurinn og er honum því engin þörf á að semja um þau réttindi við eiganda jarðarinnar, sem afsalaði þeim árið 1999 til hreppsins. Um réttindi hreppsins vísast til lögfræðilegrar álitsgerðar Jóhannesar Karls Sveinssonar hrl. fyrir hreppinn.**
- 2. Samninginn hefur oddviti þegar undirritað með fyrirvara um samþykki hreppsnefndar. Ástæða er til að ætla að aðdragandinn sé alllangur og samningaviðræðum verið haldið frá minni hluta hreppsnefndar í því skyni að að minni hlutinn gæti ekki komið sínum sjónarmiðum að.**
- 3. Samningurinn er illa saminn og af texta hans verður ráðið að oddviti hefur ekki leitað hreppnum lögfræðilegrar ráðgjafar um form og efni, enda hefði það leitt til þess að hagsmunum hreppsins hefði verið betur borgið en í núverandi drögum. Drögin einkennast af óskýrleika, sem er gagnaðila hreppsins, Miðhrauni ehf., í hag. Samningurinn ber það með sér að eigandi Eiðhúsa hefur stefnt að því nú sem fyrr að ná til jarðarinnar aftur þeim eignarréttindum sem afsalað var til hreppsins árið 1999. Óskýrleiki samningsins er gagnaðila hreppsins í hag þar sem hann á engin hitaréttindi í Eiðhúsum nú, en leitast við að ná þeim til sín.**
- 4. Eigandi hitaveitunnar og borhola í landi Eiðhúsa, Hitaveita Eyja- og Miklaholtshrepps ehf., er ekki aðili að samningnum og hann er því ekki bindandi fyrir það félag. Samningnum verður því ekki framfylgt.**
- 5. Í drögunum er ekkert tillit tekið til þess að í gildi er samningur milli hreppsins, hitaveitufélagsins og Félagsbúsins Miðhrauni s.f., frá 2004, en ákvæði i drögunum ganga gegn skuldbindingum hreppsins í þeim samningi.**

Getur það bakað hreppnum og einstökum sveitarstjórnarmönnum ábyrgð að lögum.

6. Í samningsdrögunum tekst Miðhraun ehf. ekki á hendur neinar skuldbindingar að lögum. Dæmi um þetta eru m.a. eftirtalin ákvæði:

- a) Í 3. gr. í drögunum segir að Miðhraun ehf. lýsi yfir vilja sínum til að bæta upp tiltekið vatnmagn ef núverandi vatnsmagn minnkar; að bjóða hitaveitufélaginu að dreifa auknu vatnsmagni til skilgreindar hluthafa; að gefa öðrum innan hreppsins kost á að kaupa vatn til heimilisnota og búreksturs.
- b) Í 4. gr. segir að Miðhraun ehf. taki upp samningaviðræður um kaup hreppsins á borholu/borholum í landi Eiðhúsa.
- c) Í 2. mgr. 4. gr. segir að Miðhraun ehf. lýsi yfir vilja til að ræða lausnir.

Ekkert þessara ákvæða í samningsdrögunum eru skuldbindandi fyrir Miðhraun ehf. að lögum. Um er að ræða viljayfirlýsingar af hálfu Miðhraun s ehf. sem ekki verður framfylgt fyrir dómstólum.

7. Ekkert tillit er tekið til þess í samningsdrögunum að Hitaveita Eyja- og Miklaholtshrepps er eigandi boraholanna í landi Eiðhúsa og hvorki hreppurinn eða Miðhraun ehf. geta ráðstafað þeim réttindum með neinum hætti.

8. Í inngangi er vísað til „yfirgnæfandi meiri hluta notenda“ hafi skorað á Miðhraun ehf. að bora eftir heitu vatni, sem félagið hefur þó ekki rétt til. Réti hefði verið að skora á rétthafann, hreppinn. Þess utan hafa þessar áskoranir ekki sést og hreppsnefndin getur ekki byggt ákvarðanir sínar á gögnum sem hún hefur ekki fengið í hendur. Meiri hluti notenda eru hluthafar í hitaveitufélaginu en því hafa ekki borist sambærilegar áskoranir.

9. Í 2. grein draganna er Miðhrauni ehf. veittur ótakmarkaður réttur til að bora í landi Eiðhúsa eftir heitu vatni án tillits til magns eða tilgangs. Með því

hefur hreppurinn afsalað sér stórfelldum verðmætum án endurgjalds og er því hér haldið fram að slíkt framsal sé óheimilt að lögum.

10. Af 3. gr. verður ráðið að Miðhraun ehf. fær valdið til að ráðstafa heitu vatni í jörðinni Eiðhús nánast að eigin vilja án tillits til hagsmunu annarra, svo sem hreppsins, sem er eigandi hitaréttindanna. Í ákvæðinu er sagt að öðrum sem óska eftir vatni til „heimilisnota og búreksturs“ skuli gefinn kostur á því. Með þessu ákvæði er leitast við að útiloka þá sem sinna öðru en búrekstri frá kaupum á vatni eftir þörfum. Það er í andstöðu við 4. mgr. í 1. gr. þar sem fjallað er um „fjölbreytni atvinnulífs“ í hreppnum. Miðhrauni ehf. er gefið alvald til að ákveða hverjir fái það vatn sem hreppurinn nú ræður yfir. Það fær ekki staðist lög.

11. Svo virðist af 4. gr. að hreppurinn eigi að kaupa sínar eigin borholur af Miðhrauni ehf.

12. Af 2. mgr. 4. gr. leiðir að í samningnum er litið svo á að Miðhraun ehf. fari með tögl og hagldir þegar kemur að hitaveitumálum hreppsins og íbúanna þar. Verði ekki stofnuð sveitaveita innan þriggja ára virðist sem öll völd yfir hitaréttindum og nýtingu þeirra séu endanlega fengin Miðhrauni ehf.

13. Með hliðsjón af framangreindu og mörgum öðrum ágöllum í samningsdrögunum hreppnum í óhag legg ég til að samningurinn verði felldur enda víst að hann fær ekki staðist sveitastjórnlög. Til vara legg ég til að málínu verði frestað og sveitastjórnin leiti til óháðs lögmanns um það hvort hreppnum sé heimil svo ríkt framsal eigna sinna án raunverulegs endurgjalds og honum falið að gera tillögur til breytinga sem tryggi hagsmuni hreppsins og íbúanna. Verði framangreint heldur ekki samþykkt legg ég til að haldinn verði íbúakosning um málið og til þrautavara verði haldinn íbúafundur um málið og það kynnt öllum íbúum áður en ákvörðun verður tekin til að leeta viðhorfa íbúanna